

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	18.11.21
Málalýkill	06.7
Mál nr.	2111288

Hestamannafélagið Sprettur  **SPRETTUR**

Markaðsstofa Kópavogs

Berist Birni Jónssyni

Engihjalla 8

200 Kópavogi

Hestheimum 14-16 í Kópavogi 11. nóvember 2021

Varðar: átakið „Hiking Heaven – Gönguleiðir og kort“

Athygli stjórnar hmf. Sprettis, sem er hestamannafélag starfandi í Garðabæ og Kópavogi, hefur verið vakin á átaki markaðsstofu Kópavogs sem gengur undir nafninu „Hiking Heaven – Gönguleiðir og kort“. Í kynningarefni á vegum markaðsstofunnar hafa gönguleiðir úr frá Guðmundarlundi í Kópavogi verið færðar inn á kort í því skyni að vekja athygli almennings á höfuðborgarsvæðinu og að því er virðist ferðamanna á svæðinu umhverfis Guðmundarlund.

Þessu átaki ber að fagna og jákvætt er að stuðla að aukinni útivist og náttúruupplifun. Stjórn hmf. Sprettis gerir hins vegar athugasemd við að á gönguleiðakorti sem markaðsstofan hefur gefið út og er aðgengilegt á netinu hafa stígar sem á skipulagi eru sérstaklega merktir sem reiðstígar verið tilgreindir sem gönguleiðir. Á þetta bæði við reiðstíga í landi Kópavogs (Vatnsendahlið) og raunar í enn meira mæli í landi Garðabæjar (á Grunnuvatnaleið). Þess er ekki með nokkru móti getið að þarna sé verið að beina gangandi vegfarendum inn á reiðstíga eða viðhöfð varúðarorð varðandi umgengni gagnvart ríðandi umferð. Nokkra furðu vekur að sérstaklega sé verið að beina umferð inn á reiðstíga þessum stöðum þar sem að verulegu leyti liggja þessar reiðleiðir nærri stígum sem sérstaklega eru merktir sem göngustígar og hafa þá stöðu í skipulagi viðkomandi sveitarfélaga.